

Leiksýningin krakkarnir í hverfinu: Upplýsingar fyrir kennara

Yfirlit:

1. Ef grunur vaknar / Leiðbeiningar um viðbrögð kennara og starfsfólks
2. Vanræksla og ofbeldi
3. Tilkynningaskylda til barnaverndar
4. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda
5. Um námsefnið Krakkarnir í hverfinu

1. Ef grunur vaknar / leiðbeiningar um viðbrögð kennara og starfsfólks

Bæklingur: Ofbeldi gegn börnum : hlutverk skóla : handbók fyrir starfsfólk - bæklingur

Ef nemandi gefur til kynna að hann búi við einhvers konar ofbeldi er brýnt að kennarinn haldi ró sinni, forðist að kveða upp dóm, láti barnið vita að það fái hjálp og eftir atvikum að þetta verði rætt betur um leið og færi gefst.

Kennarinn gerir því næst ráðstafanir til að finna tíma og stað þar sem hann getur rætt við nemandann í einrúmi. Því betur sem kennarinn undirbýr sig því betra. Það fer eftir eðli málsins í hverju undirbúningur felst en oft þarf að afla upplýsinga, ígrunda nálgun og markmið fundarins og stilla hugann. Ef líkur eru á að máli verði vísað til barnaverndar er hlutverk kennarans fyrst og fremst að hlusta á nemanda og gefa honum upplýsingar en ekki að rannsaka eða finna lausnir.

Barnaverndarstofa hefur gefið út bæklinginn Talaðu við mig með leiðbeiningum um samtöl barnaverndarstarfsmanna við börn, ásamt disklingi sem sýnir leikna kafla með samtölum við börn með athugasemdum fagfólks. Efnið getur gagnast kennurum sem vilja búa sig undir vandasöm og viðkvæm viðtöl.

2. Vanræksla og ofbeldi

Vanræksla gagnvart barni er skilgreind sem skortur á umhyggju sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns. Vanræksla skiptist í eftirfarandi fjóra flokka:

- Líkamleg vanræksla
- Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit
- Vanræksla varðandi nám
- Tilfinningaleg vanræksla

Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns. Ofbeldi skiptist í eftirfarandi þrjá flokka:

- Barn beitt tilfinningalegu ofbeldi
- Barn beitt líkamlegu ofbeldi
- Barn beitt kynferðislegu ofbeldi

Nánari upplýsingar um skilgreiningar á ofbeldi og vanrækslu má sjá í skilgreiningar-og flokkunarkerfi í Barnavernd á heimasíðu Barnaverndarstofu á eftirfarandi slóð: <https://www.bvs.is/media/verklagsreglur/SOF-2015.pdf>

Einnig má nálgast upplýsingar um vanrækslu og ofbeldi á heimasíðu 112 á eftirfarandi slóð: <https://www.112.is/velferd-barna>

Þar eru einnig upplýsingar um fræðslu fyrir börn á aldrinum 4-9 ára um einelti og ofbeldi, hana má nálgast á eftirfarandi slóð: <https://www.112.is/hc9brzc0z1/X9tBWxEAAACEAgXAm>

3. Tilkynningaskylda til barnaverndar

Í barnaverndarlögum er tilgreind tilkynningaskylda um að öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi, barn stefni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu eða ef heilsu eða lífi ófædds barns er stefnt í hættu. Sérstök tilkynningaskylda hvílir á þeim sem afskipti hafa af börnum skv. 17. gr. barnaverndarlaga. Tilkynna skal til þess sveitarfélags þar sem barn býr eða hafa samband við neyðarlínuna í síma 112. Upplýsingar um allar barnaverndarnefndir á Íslandi má nálgast á heimasíðu

Barnaverndarstofu á eftirfarandi slóð: <https://www.bvs.is/radgjof-og-upplýsingar/listi-yfir-barnaverndarnefndir/>

4. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda

Á heimasíðu Barnaverndarstofu má finna verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik- grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda.

Það kemur m.a. fram að ef grunur er um að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Með þessum verklagsreglum er gert ráð fyrir að starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna eigi um það til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnaverndarnefnd og/eða starfsmenn hennar sem meta hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um frekari könnun í framhaldi af því.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að ræða ekki við barnið um það heldur hafa strax samband við barnaverndarnefnd. Það er síðan hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda.

Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt eða kynferðislegt skal hafa beint samband við barnaverndarnefnd án þess að upplýsa foreldra um það. Ástæðan er sú að búi barn með einhverjum sem beitir ofbeldi getur verið hætt á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndarnefndar. Í sumum tilvikum sæta þessi mál einnig lögreglurannsókn og mikilvægt er að meintur gerandi fái ekki tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins. Komi barn með sýnilega áverka í skóla eða segi frá alvarlegu ofbeldi skal samstundis hafa samband við barnaverndarnefnd.

Nánar má lesa um verklagið í verklagsreglum um tilkynningaskyldu starfsmanna, leik-grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda á heimasíðu Barnaverndarstofu á eftirfarandi slóð: <https://www.bvs.is/media/verklagsreglur/Verklagsreglur-um-tilkynningaskyldu-skolafolks.pdf>

Þegar börn undir 10 ára aldri sýna kynferðislega hegðun getur verið erfitt að meta hvort sú hegðun er eðlileg eða ekki. Á heimasíðu Barnaverndarstofu má nálgast upplýsingar um kynferðislega hegðun barna: Hvað er eðlilegt? <https://www.bvs.is/media/barnahus/Bangsabaeklingur.pdf>. Í bæklingnum eru atriði sem vert er að hafa í huga þegar kemur að því að fylgjast með kynferðislegri hegðun barna á leikskólaaldri og þar til þau verða 10 ára gömul. Einnig eru upplýsingar um það hvert skal leita eftir aðstoð ef þess gerist þörf.

5. Um námsefnið Krakkarnir í hverfinu

Námsefni Krakkanna í hverfinu um ofbeldi og var samið og þróað með það fyrir augum að fræða börn um ofbeldi gegn börnum og gera þau meðvituð um að þetta er eitthvað sem má tala um og hægt að fá hjálp. Þetta námsefni er kennslugagn sem ætlað er að:

- skýra/skilgreina líkamlegt ofbeldi
- hvetja börn til að tala við einhvern fullorðinn ef þau telja að þau kunni að búa við ofbeldisfullar aðstæður
- kenna börnum að skilja tilfinningar sínar og hvetja þau til að tala um þessar tilfinningar
- veita upplýsingar um þá aðila sem veita fjölskyldum í vanda stuðning og þjónustu.

Eftir sýninguna-hvað nú?" Í skjalinu **verkefni með sýningunni krakkarnir í hverfinu** eru spurningar og verkefni sem ætlað er til að hvetja til rökræðna í bekknum og sem hægt er að nota til að undirstrika þau skilaboð sem send voru í sjálfri sýningunni.

Skjalið og frekari upplýsingar má nálgast á eftirfarandi slóð: <https://www.tiufingur.is/krakkarnir-i-hverfinu>

